

## Mál 1801099 – Kaplakríki, framkvæmdir

### Fyrirspurnir lagðar fram á fundi bæjarráðs þann 30. ágúst sl. ásamt svörum

1.

*„Í rammasamkomulagi um uppbyggingu á Kaplakríka segir:*

*"Í stað þess að Hafnarfjarðarkaupstaður byggi, eigi og reki áðurefnt mannvirki hefur verið ákveðið að FH geri það. Með því móti náist hagkvæmni og samlegð við aðrar framkvæmdir við Kaplakríka."*

*Í erindisbréfi Kaplakríkahóps stendur meðal annars:*

*"Þá skal hópurinn jafnframt hafa fjárhagslegt eftirlit með framkvæmd við byggingu nýs knatthús og gera afnota- og rekstrasamning vegna hússins."*

*Í ljósi misræmis milli skjala um ákvæði er lúta að rekstri hins nýja húss, er óskað svara við því hver stefnan sé í málinu, hvort til standi að Hafnarfjarðarbær komi að rekstri hússins, þrátt fyrir skilyrðin í rammasamkomulagi um að FH muni byggja, eiga og reka húsið?"*

Svar: Þótt FH muni sjá um rekstur hússins er gert ráð fyrir afnota- og rekstrarsamningi milli bæjarins og félagsins eins og tíðkast um önnur íþróttamannvirki í bænum.

2.

*„Formaður knattspyrnudeildar FH sagði nýlega í viðtali í Fréttablaðinu að skoðun félagsins væri sú að greiðslur frá bænum upp á 790 milljónir væru bara byrjunin á eignaskiptum í Kaplakríka og að samkvæmt þeirra skilningi væri von á tvöfaldri þeirri upphæð þegar upp yrði staðið úr eignaskiptaviðræðum. Hver er sýn meirihluta bæjarstjórnar á þessi ummæli?"*

Svar: Ekki mun koma til frekari greiðslna Hafnarfjarðarbæjar vegna eignaskiptanna en það sem rammasamkomulagið kveður á um.

3.

*Óskað er eftir upplýsingum um það hvenær nákvæmlega (dagsetning) 100 milljónir króna voru greiddar til Fimleikafélags Hafnarfjarðar, hver var viðtakandi greiðslunnar, í hvað féð var notað.*

*Var þetta hluti af kaupverði húss? Hvar er þá sá kaupsamningur?*

Svar: Þessar upplýsingar munu koma fram á næsta fundi Kaplakríkahópsins sem gert er ráð fyrir að verði haldinn í næstu viku.

4.

*Óskað er eftir fundargerðum Kaplakríkahópsins.*

Enn er sama staða á fundargerðum og skýrt var frá á síðasta fundi bæjarráðs þar sem Kaplakríkahópurinn hefur ekki komið saman síðan. Fundargerðirnar verða lagðar fram á næsta fundi bæjarráðs.

5.

***Einnig er spurt hvernig stendur á því að endurskoðandi bæjarins er orðinn hluti af framkvæmdavaldi bæjarins? Hver á að endurskoða þessa gjörninga?***

Svar: Eins og kemur fram á þessum fundi hefur endurskoðandi bæjarins hætt þátttöku í starfshópnum og annar endurskoðandi tekið við formennsku í hópnum.

6.

***Því hefur verið borið við að millifærslan hafi verið samþykkt á fundi Kaplakrikahóps, en í erindisbréfi hópsins stendur:***

***„Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.“***

***Hvernig stenst sú framkvæmd að greiða 100 milljónir til FH án viðauka og án samþykkis bæjarráðs?***

Svar: Að stofna til kostnaðar“ á hér við um utanaðkomandi ráðgjöf til starfshópsins.